

UMSÖGN BANDALAGS ÍSLENSKRA SKÁTA UM BREYTINGAR Á LÖGUM NR. 45/2019



Stjórn Bandalags íslenskra skáta fagnar því að skýrar sé kveðið á um heimild embættisins til upplýsingaöflunar og til að miðla upplýsingum eins og nauðsyn krefur í þeim málum sem embættið hefur til vinnslu.

Skátarnir telja það mikið heillaskref fyrir starfsumhverfi íþróttá- og æskulýðsstarf að þetta embætti hafi verið komið á innan ráðuneytisins. Við sem myndum Æskulýðsvettvanginn þekkjum hversu dýrmætt það er félagseiningum, sjálfboðaliðum og þátttakendum innan okkar raða að geta leitað hlutlausrar fagráðgjafar í erfiðum málum sem tryggir að þau fái úrlausn eftir eðlilegum, faglegum og réttlátum leiðum óháð því hver á í hlut.


Skátarnir hafa frá því að samskiptaráðgjafi tók til starfa átt í góðu samstarfi við embættið og leitað ráðgjafar við úrlausn hinna ýmsu flóknu mála í samræmi við anda laganna um embættið. Af reynslunni teljum við afar mikilvægt fyrir okkar og öll önnur samtök að það sé enginn vafi um heimildir embættisins til öflunar upplýsinga og teljum við t.a.m. að samskiptaráðgjafi ætti að hafa heimild til að kalla eftir skráningu mála í trúnaðarbók samtaka þegar talið er þörf á því.

Skátarnir hafa einnig tilkynnt embættinu um öll önnur mál þótt BÍS hafi ekki vantað ráðgjöf því verkferlarnir voru skýrir s.s. þegar sjálfboðaliði fær vitneskju um óviðunandi aðstæður barns og það er tilkynnt til barnaverndar skv. 17. grein barnaverndarlaga eða þegar upp kemur alvarlegt agabrot barna í starfi og leyst er úr því samkvæmt viðbragðsferlum. Því við teljum mikilvægt að embættið hafi yfirsýn yfir öll mál sem koma upp innan samtakanna, það býr til lifandi samtal við embættið um gildandi verkferla, gefur embættinu færi á að leiðbeina hvað megi enn bæta og gerir það að verkum að miðlæg skrásetning á sér stað hjá embættinu um öll mál sem koma upp innan íþróttá- og æskulýðsstarfs.

Því kalla Skátarnir eftir því að einnig verði gerðar breytingar á þessum lögum þar sem skýrar er kveðið um að aðilum sem standa að íþróttá- og æskulýðsstarfi beri skylda að upplýsa embættið um öll þau mál sem koma upp innan þeirra raða og snerta verksvið embættisins. Það á ekki að vera glufa í lögnum sem býður upp á að félög að reyni að leysa mál án vitneskju embættisins. Þannig getur embættið betur tryggt að hagsmunir félaga komi ekki niður á réttindum einstaklinga innan þeirra. Þetta myndi líka betur tryggja að embættið fengi viðtækari reynslu af viðbrögðum við flóknum málum sem myndi nýtast til betri ráðgjafar til framtíðar. Þá hefur á samráðsfundum íþróttá- og æskulýðssamtaka með samskiptaráðgjafa verið samhugur um mikilvægi miðlægrar skráningar til að hægt sé að standa betur að kerfislægum lausnum og átaksverkefnum.

Skátarnir nýta einnig tækifærið og kalla eftir því að ráðherra nýti heimild sína samkvæmt 8. grein laga og stækki embættið. Málaflokkurinn er mjög stór sérstaklega meðan embættið stýrir samræmdum átaksverkefnum eins og samræmdri viðbragðsáætlun í íþróttá- og æskulýðsstarfi. Við teljum þörfina augljósa til framtíðar.

Fyrir hönd stjórnar BÍS


framkvæmdarstjóri BÍS



Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samskiptaráðgjafa íprótta- og æskulýðsstarfs, nr. 45/2019 (hlutverk og meðferð upplýsinga). 581. mál.

Landssamtökin þroskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið frumvarpið til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri varðandi það.

Landssamtökin þroskahjálpar vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fötluð börn og ungmenni og fólk með þroskahömlun og skyldar fatlanir. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, Barnasáttmála SP og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum sem íslenska ríkið hefur undirgengist.

Íslenska ríkið fullgilti samning SP um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að framfylgja öllum ákvæðum hans. Meginmarkmið samningsins er að tryggja fötluðu fólki raunhæf tækifæri til virkrar þátttöku á öllum sviðum samfélagsins, til jafns við aðra og án aðgreiningar.

Í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um samskiptaráðgjafa íprótta- og æskulýðsstarfs, sem eru hér til umsagnar er fjallað um heimild samskiptaráðgjafa til þess að afla og meðhöndla viðkvæmar persónuupplýsingar að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg við framkvæmd laganna og miðla þeim til þeirra sem sjá um starfsemi sem fellur undir gildissvið laganna.

Landssamtökin þroskahjálpar vilja í því sambandi benda á mikilvægi þess að í þeim tilvikum sem mál varða fatlað fólk sé þess sérstaklega gætt að safna og miðla aðeins upplýsingum sem hafa raunverulegt vægi fyrir vinnslu þess máls sem til meðferðar er. Reynslan sýnir að þegar fatlað fólk á í hlut er sú hætta fyrir hendi að persónulegum upplýsingum um fötlun og annað sem tengist fötlun sé safnað og miðlað, án þess að slíkt hafi sérstaka þýðingu í því tiltekna máli eða viðfangsefni sem um er að ræða. Þá leggja samtökin áherslu á mikilvægi þess að tryggja upplýst samþykki áður en vinnsla eða miðlun persónuupplýsinga um fatlað fólk á sér stað.

Samtökin leggja til að gerðar verði verklagsreglur sem unnið verði eftir í málum þar sem fatlað fólk á í hlut um hvernig upplýst samþykki er fengið, hvaða upplýsinga er aflað og einnig um hvaða upplýsingum er miðlað.

Virðingarfyllt.

Anna Lára Steindal, verkefnastjóri þroskahjálpar í málefnum fatlaðra barna og ungmenna

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingi
Austurstræti 8 – 10
101 Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2022
Tilvísun: 2022050947/SBM

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs, nr. 45/2019

1.

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 20. maí 2022 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs, nr. 45/2019 (pskj. 822, 581. mál á 152. löggjafarþingi).

2.

Í 2. gr. frumvarpsins segir að við 6. gr. laganna bætist við tvær nýjar málsgreinar. Í 1. mgr. segir að samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs sé heimilt að vinna með persónuupplýsingar, þar á meðal viðkvæmar persónuupplýsingar og upplýsingar sem séu viðkvæms eðlis, að því marki sem vinnslan telst nauðsynleg við framkvæmd laganna. Í 2. mgr. segir að samskiptaráðgjafa sé heimilt að miðla upplýsingum til þeirra sem sjái um starfsemi sem falli undir gildissvið laganna skv. 1. gr. þeirra að því leyti sem slíkt teljist nauðsynlegt við framkvæmd laganna.

Í athugasemdum við 2. mgr. ákvæðisins segir að í samræmi við gildissvið laganna sé miðlunin bundin við þá sem sjái um starfsemi sem lúti gildissviði laganna. Þá er einnig tekið fram að frekari vinnsla upplýsinga hjá þeim aðilum sem taki við upplýsingunum sé bundin heimildum sem þeir aðilar hafi til vinnslu persónuupplýsinga.

Um gildissvið laga nr. 45/2019 segir 1. gr. að starfssvið samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs nái til skipulagðrar starfsemi eða starfsemi í tengslum við hana á vegum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Ungmennafélags Íslands, æskulýðssamtaka sem starfi á grundvelli æskulýðslaga og aðila sem geri samning við það ráðuneyti sem fari með íþróttá- og æskulýðsmál um rekstrarframlag vegna sambærilegrar starfsemi.

Persónuvernd gerir margvíslegar athugasemdir við ákvæði 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins hvað varðar heimild til miðlunar persónuupplýsinga.

Í fyrsta lagi er að mati Persónuverndar hvorki nægilega skýrt í ákvæðinu né greinargerð hver sé tilgangur þess að miðlun fari fram né til hvaða persónuupplýsinga miðlunin taki. Þá er sú starfsemi sem 1. gr. laganna vísar til afar víðtæk og ljóst að mikill fjöldi aðila getur fallið undir heimild 2. mgr. ákvæðisins



til miðlunar. Er því um að ræða viðtaka heimild til miðlunar án þess að það sé afmarkað með frekari hætti.

Í öðru lagi gerir Persónuvernd alvarlegar athugasemdir við að ekki virðist vera gert ráð fyrir aðkomu hins skráða (þess sem leitar til samskiptafulltrúans) að miðlun umræddra upplýsinga, svo sem með umbodi eða staðfestingu hans. Er hvorki gert ráð fyrir því að hinn skráði hafi aðkomu að því til þess hvaða upplýsinga miðlunin taki né til þess hvaða aðila þeim skuli miðlað og í hvaða tilgangi. Í því sambandi bendir Persónuvernd á að þegar vinnsla persónuupplýsinga byggist á annars konar heimild en samþykki verður ekki litið svo á að yfirlýsing hins skráða um að hann fallist á vinnsluna þurfi að liggja fyrir. Eftir atvikum getur þó ástæða talin vera til þess að fyrir liggji umbod eða beiðni frá hinum skráða þó svo að ekki sé þar um eiginlegt samþykki að ræða, einkum ef vinnslan getur haft íþyngjandi réttaráhrif eða tekur til viðkvæmra einkalífshagsmuna. Er í því tilliti byggt á þeirri grunnkröfu 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 að vinnsla persónuupplýsinga skuli vera gagnsæ gagnvart hinum skráða.

Að mati Persónuverndar þarfnast ákvæðið því töluverðra breytinga þannig að friðhelgi einkalífs þeirra einstaklinga sem leita til samskiptaráðgjafans sé tryggð með fullnægjandi hætti, sem og þeirra aðila sem áskanir eða athugasemdir beinast að. Ákvæðið þarfnast að mati Persónuverndar frekari skýringa á tilgangi, mati á nauðsyn og hvernig aðkomu hins skráða að vinnslu og miðlun persónuupplýsinga skuli háttáð.

3.

Persónuvernd áréttar að fræðsluskylda hvílir á þeim sem vinna persónuupplýsingar samkvæmt 17. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 12. – 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, og þarf ábyrgðaraðili að tryggja að hinir skráðu fái fræðslu eftir því sem lög krefjast.

4.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að þagnarskylda samskiptaráðgjafa gangi frammar upplýsingarétti samkvæmt upplýsingalögum. Persónuvernd bendir á að þrátt fyrir að girt sé fyrir aðgang aðila að gögnum samskiptaráðgjafa sem verða til hjá aðilum sem falla undir gildissvið upplýsingalaga nr. 140/2012, skv. 2. gr. þeirra laga, getur einstaklingur átt rétt til aðgangs að upplýsingum um sjálfan sig hjá ábyrgðaraðila á grundvelli persónuverndarlaga nr. 90/2018.

Kveðið er á um rétt hins skráða til aðgangs að persónuupplýsingum um sig og rétt til upplýsinga um vinnslu í 17. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. einnig ákvæði 15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar á hinn skráði rétt á að fá staðfestingu á því frá ábyrgðaraðila hvort unnið sé með persónuupplýsingar um hann og, ef svo er, rétt til aðgangs að þeim. Þá segir í 3. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2018, sbr. i-lið 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, upplýsingaréttur hins skráða, samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar, gildir ekki ef brýnir hagsmunir einstaklinga tengdir upplýsingunum vegi þyngra. Í athugasemdum við 3. mgr. 17. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 90/2018 segir að við beitingu ákvæðisins þurfi að fara fram mat á þeim hagsmunum sem í ákvæðinu eru nefndir. Vega verði hagsmunir hins skráða af því að fá upplýsingar andspænis hagsmunum annarra einstaklinga. Þá sé mikilvægt að hafa í huga að gerð sé




krafa um brýna hagsmuni einstaklinga sem sýna þurfi fram á til að réttlæta undantekningu frá upplýsingarétti hins skráða.

Persónuvernd áréttar að það er ábyrgðaraðila að láta slíkt hagsmunamat fara fram í hvert sinn sem aðgangsbæðni einstaklings berst, þar sem matið þarf að taka mið að aðstæðum og þeim gögnum sem eru undir hverju sinni. Ábyrgðaraðili þarf að leggja mat á það hvort og þá hvaða hluti persónuupplýsinga um hinn skráða skuli vera undanskilinn aðgangsrétti hans. Það mat getur sætt endurskoðun Persónuverndar berist stofnuninni kvörtun vegna þess.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins að svo stöddu. Persónuvernd áskilur sér jafnframt rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum málsins ef stofnunin telur þörf á. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Vigdís Eva Línal


Steinunn Birna Magnúsdóttir

MENNTA- OG BARNAMÁLARÁÐHERRA

Sölvhóls götu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. júní 2022

EFNI: UMSÖGN VIÐ FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGAR Á LÖGUM UM SAMSKIPTARÁÐGJAFA ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARFS NR. 45/2019, ÞINGSKJAL 822 - 581. MÁL

UMFÍ tekur heilshugar undir allt það sem kveðið er á um í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs. Breytingarnar eru til þess fallnar að styrkja starf samskiptaráðgjafa. UMFÍ hefur lengi mælt fyrir mikilvægi þess að auka öryggi iðkenda í skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi og unnið ötullega að því að styðja við og styrkja starf samskiptaráðgjafa.

Í þeim anda stóð UMFÍ ásamt KFUM og KFUK á Ísland, Slysavarnafélagi Landsbjargar og Bandalagi íslenskra skáta að stofnun Æskulýðsvettvangsins árið 2007. Markmið Æskulýðsvettvangsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum barna og ungmenna í íþróttá- og æskulýðsstarfi og stuðla að heilbrigðum, uppbyggjandi, vönduðum og öruggum aðstæðum í starfinu. Æskulýðsvettvangurinn hefur fram til þessa tekið við öllum þeim málum sem varða grun um óæskilega hegðun innan skipulags íþróttá- og æskulýðsstarfs og öllum myndum ofbeldis gegn börnum og ungmennum. Með fræðslu og forvörnum auk annarra verkefna er stuðlað að vitundarvakningu í samfélaginu og auknu öryggi barna og ungmenna í íþróttá- og æskulýðsstarfi.

Þessu til viðbótar átti UMFÍ fulltrúa í starfshópi menntamálaráðuneytis, sem leiddi til þess að starf samskiptaráðgjafa varð til og sett á laggirnar árið 2019.

Betri upplýsingar bæta starfið

Þær breytingar sem lagðar eru til við lög um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs eru að mati UMFÍ til þess fallnar að auka öryggi iðkenda. Á þeim forsendum styður UMFÍ breytingarnar. Eins er jákvætt að sjá að dyr samskiptaráðgjafa standa öllum opnar í íþróttá- félags- og æskulýðsstarfi. Þetta er mikilvægt, enda ljóst af tölulegum upplýsingum um mála fjölda og aukningu þeirra á þeim tveimur árum sem samskiptaráðgjafi hefur starfað, að full þörf er á starfinu.

Saman erum við öll betri

En allt gott má bæta. Við hjá UMFÍ hvetjum til samstarfs og samvinnu á öllum sviðum og bendum á að það megi bæta enn frekar með því að nýta þá reynslu sem býr innan dyra Æskulýðsvettvangsins. Samvinna, gott samstarf og skarpara regluverk eykur öryggi iðkenda í skipulögðu íþróttá- og tómskundastarfi enn frekar.

Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ, er landssamband ungmennafélaga. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 26 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og 5 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFÍ um allt land.

Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað.

Með ungmennafélagskveðju,
f.h. Ungmennafélags Íslands

Auður Inga Þorsteinsdóttir
framkvæmdastjóri UMFÍ

t-póstur: audur@umfi.is
sími: 568 29 29